

Fimmtudaginn 17. mars 1994.

Nr. 422/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Hilmari Þóri Ólafssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Skjalafals. Tékkasvik. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu einvörðungu um ákvörðun viðurlaga, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 12. október 1993 til þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist ákærvaldið hins vegar staðfestingar á ákvörðun refsingar ákærða, Hilmars Þóris.

Meðákærði undi héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 12. til 26. febrúar 1993, samtals 14 dagar, skal koma dæmdri refsingu til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um refsingu ákærða, Hilmars Þóris, að öðru leyti en því, að gæsluvarðhaldsvist ákærða, samtals 14 dagar, komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði, Hilmar Þórir Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. september 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 16. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 429/1993: Ákærvaldið gegn Hilmarí Þóri Ólafssyni og X, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. ágúst sl., á hendur ákærðu, Hilmarí Þóri Ólafssyni, Eggertsgötu 6, fæddum 17. apríl 1966, fæðingarnúmer 454, og X [. . .], báðum í Reykjavík.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin á tímabilinu frá desember 1992 fram í apríl 1993:

I. Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 13. janúar 1993 brotist í félagi inn í söluturn við Óðinstorg og stolið 352 vindlingapökkum, 62 vindlapökkum, 3 bréfum af píputóbaki, 41 kveikjara og 1.350 krónum. (RLR-mál nr. 158/93.)

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákærða Hilmarí Þóri er gefið að sök:

[Undir þessum lið er Hilmar Þór saksóttur fyrir notkun 8 innstæðulausra tékka (brot gegn 248. gr. hgl.), notkun 60 falsaðra tékka (brot gegn 155. gr. hgl.) og innbrot í Skipaþjónustu Suðurlands (brot gegn 244. gr. hgl.).]

Við meðferð málsins hefur sækjandi leiðrétt nokkrar villur í ákæru, bæði varðandi málsatvikalýsingu og eins listann yfir bótakröfur, sem teknar eru upp í ákæru.

Vindlingapakkarnir í I. kafla ákæru eiga að vera 271, en ekki 352. Tékkinn í II. kafla A, lið 1, er nr. 6149136, en ekki 614916. Tékkinn í sama kafla B var notaður 24., en ekki 26. janúar 1993. Tékkinn í sama kafla, C-lið 2, var seldur hjá Tong's Take away í Tryggvagötu 26, en ekki hjá Vegbúa hf., Laugavegi 62, sem rekur framangreint fyrirtæki. Númer liðanna í kafla F í sama kafla eiga frá og með nr. 39 að vera 29 og upp í 35, en ekki 45. Kaflí J í sama kafla ákæru á að vera I.

Bótakrafa verslunarinnar Sautján á að vera 30.000 krónur, en ekki 22.000 krónur. Krafa BYKO á að vera 10.000 krónur, en ekki 18.000 krónur. Krafa Miklagarðs á að vera 13.600 krónur, en ekki 12.000 krónur. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gerir ekki 15.000 króna kröfu, heldur er það Íslandsbanki í Kringlunni 7, og ekki er gerð krafa um vexti af þeirri kröfu. Krafa

Tryggva hf. er að fjárhæð 4.000 krónur, en ekki 1.500 krónur. Loks er krafa Dóru Guðbjartar Jónsdóttur vegna tékka, sem ekki er ákært fyrir útgáfu á.

Með skýlausum játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í ákæru með þeim leiðréttingum, sem fram hafa verið settar við meðferð málsins. Eru brot ákærðu rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Hilmars Þóris var hann dæmdur 19. september 1985 í 6 ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps, og var sá dómur staðfestur í Hæstarétti 21. febrúar 1986. Hinn 2. apríl 1988 fékk ákærði reynslulausn á eftirstöðvum refsingarinnar, 1080 dögum. Auk þessa hefur ákærði gengist með sátt undir sektargreiðslu á árinu 1982 fyrir ölvun. Þá hefur ákærði samkvæmt sakavottorðinu gengist undir sektargreiðslu 7. september sl. vegna ölvunaraksturs og sætt jafnframt sviptingu ökuleyfis í 1 ár. Ákærði kannast ekki við þetta síðast nefnda, og hefur dómariinn fengið staðfest, að þessi færsla á sakavottorð hans sé röng.

— — —

Við ákvörðun refsinga ákærðu verður tekið tillit til sakaferils þeirra og 77. gr. almennra hegningarlaga. Að því er varðar ákærða X, verður einnig tekið tillit til þess, að með þeirri háttsemi, sem hann er nú sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð dómsins frá 12. ágúst f. á., og ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 að fella þá refsingu, sem honum var þá ákvörðuð, inn í refsingu þá, sem honum verður nú dæmd.

Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing ákærða Hilmars Þóris hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði og ákærða X fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði Hilmar Þórir sat í gæsluvarðhaldi frá 12. febrúar sl. kl. 19.44 til 26. febrúar sl. kl. 16. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að láta þetta gæsluvarðhald, samtals 13 daga, koma refsingu ákærða Hilmars Þóris til frádráttar.

— — —

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 2. og 3. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað. [. . .]

D ó m s o r ð:

Ákærði Hilmar Þórir Ólafsson sæti fangelsi í 15 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 13 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærði X sæti fangelsi í 8 mánuði.

— — —

Ákærði Hilmar Þórir greiði 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verj-

anda síns, Sigurðar Georgssonar hestaréttarlögmanns og ákærði X greiði 12.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hestaréttarlögmanns. Annan sakarkostnað greiði ákærði Hilmar Þórir að 2/3 hlutum, en ákærði X að 1/3 hluta.
